

Sp.

197. Svar

[129. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Þórarins Sigurjónssonar um heimilisfræðslu:

1. Stefna menntamálaráðherra í hússtjórnarfræðslu.

Vegna hinna miklu breytinga, sem orðið hafa á framhaldsskólakerfi landsins s.l. áratug með auknu námsframboði í öllum landshlutum, hefur aðsókn að hússtjórnarskólum minnkað stöðugt og undanfarin ár hefur hefðbundið hússtjórnarnám laðað til sín svo fáa nemendur að ekki er unnt að halda þeirri fræðslu uppi í sama formi og gert er ráð fyrir í lögum um hússtjórnarskóla, nr. 53/1975. Af þessum sökum er stefnt að því að færa þetta mikilvæga nám inn í almenna framhaldsskóla, þ.e. til nemendanna.

Í haust skipaði menntamálaráðherra starfshóp til þess að gera áætlun um nám í hússtjórnar- og heimilisfræði í framhaldsskólum, einkum fjölbrautaskólum. Formaður nefndarinnar er Þór Vigfússon, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, en með honum í nefndinni er Ingibjörg Þórarinsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, tilnefnd af Bandalagi kvenna, og Gerður Hulda Jóhannsdóttir hússtjórnarkennari, tilnefnd af Hússtjórnarkennarafélagi Íslands. Í erindisbréfi er starfshópnum falið að hafa samráð og samvinnu við alla þá aðila sem að þessum málum starfa, bæði innan skólakerfisins og utan, og hraða starfi sínu eftir föngum.

2. Endurskoðun laga um hússtjórnarskóla.

Í ráðuneytinu er ekki unnið að endurskoðun á lögum um hússtjórnarskóla en gert er ráð fyrir að hússtjórnarfræðsla falli í framtíðinni undir lög um framhaldsskóla.

3. Reglugerð um hússtjórnarfræðslu.

Spurt er: Hefur verið samin eða er verið að semja reglugerð um hússtjórnarfræðslu?
Svar: Nei.

4. Námsstjórar fyrir heimilisfræðslu.

Námsstjóri í heimilisfræðslu á grunnskólastigi er þegar starfandi og hefur verið undanfarin ár. Engin áform eru uppi um að skipa námsstjóra í þessu fagi á öðrum skólastigum enda ekki námsstjórar í öðrum greinum sem þar eru kenndar.